

Skýrsla ríkissaksóknara
um eftirlit með símahlustunum og skyldum úrræðum
skv. 3. mgr. 85. gr. laga nr. 88/2008

Vegna ársins 2024

1. Inngangur

Með lögum nr. 103/2016, sem tóku gildi 1. janúar 2017, var gerð breyting á nokkrum ákvæðum XI. kafla laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 (sml.). Breytingarnar lutu að skilyrðum, framkvæmd og eftirliti með símahlustunum og skyldum úrræðum skv. 80.–82. gr. sml. Í 2. gr. laganna er m.a. að finna nýtt ákvæði 3. mgr. 85. gr. sml. þar sem kveðið er á um að ríkissaksóknari hafi eftirlit með því að gögnum sé eytt og tilkynnt sé um aðgerðir skv. 80.–82. gr. sml. og setji reglur um hvernig eftirlitinu verði háttað þar sem meðal annars komi fram hvernig tryggt verði að unnt sé að upplýsa um hver eða hverjir hafi haft aðgang að upplýsingum sem aflað hefur verið með aðgerðunum. Í 3. mgr. 85. gr. sml. er einnig kveðið á um að ríkissaksóknari skuli árlega gefa út skýrslu um framkvæmd eftirlits og beitingu aðgerða skv. 80.–82. gr. sml. Skýrsla þessi er sú áttunda í röðinni eftir gildistöku laga nr. 103/2016.

2. Eftirlit ríkissaksóknara eftir gildistöku laga nr. 103/2016

Skráningar í LÖKE um tilkynningar og eyðing gagna skv. 1. og 2. mgr. 85. gr. sml.

Samkvæmt 3. mgr. 85. gr. sml. ber ríkissaksóknara að hafa eftirlit með því að gögnum sem aflað hefur verið með heimild í 80. – 82. gr. sml. hafi verið eytt og að þeim sem aðgerð beinist að hafi verið tilkynnt um aðgerðina. Gögnunum skal eyða jafnskjótt og þeirra er ekki lengur þörf, en í síðasta lagi, og þá ekki fyrr, en þegar endanlegur dómur hefur gengið í máli, hafi mál verið höfðað, sbr. 1. mgr. 85. gr. sml. Þá skal tilkynna þeim sem aðgerð beinist að um hana svo fljótt sem verða má, enda sé tryggt að það skaði ekki frekari rannsókn málsins, þó aldrei síðar en tólf mánuðum frá því henni lauk, sbr. 2. mgr. 85. gr. sml.

Í þágu eftirlits ríkissaksóknara brást hann við þessum lagaskyldum með setningu fyrirmæla RS: 12/2017, þar sem í 5. gr. og d. lið 6. gr. er mælt fyrir um að lögregla skuli skrá þessar aðgerðir í LÖKE í þar til gerða reiti fyrir dagsetningu auk þess sem vista skal skjöl sem sýna fram á tilkynninguna sem skal gerð með sannanlegum hætti.

Hefur framkvæmd hjá lögreglu hvað ofangreindar skráningar í LÖKE varðar færst til betri vegar undanfarin misseri þó enn megi gera betur. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur til að mynda sett sínar eigin verklagsreglur um tilkynningar, eyðingu gagna o.fl. vegna beitingar úrræða á grundvelli 80.-82. gr. sml., sem byggja m.a. á lögum um meðferð sakamála og áður nefndum fyrirmælum ríkissaksóknara nr. 12/2017. Verklagsreglurnar gilda fyrir alla lögreglumenn og ákærendur, sem og aðra starfsmenn lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem að ferlinu koma. Tilgangurinn með setningu þeirra var að samræma verklag vegna skráninga, tilkynninga og eyðinga vegna þeirra gagna og upplýsinga sem aflað er á grundvelli 80. – 82. gr. sml. og um leið að gera ríkissaksóknara kleift að sinna lögbundnu eftirliti sínu með skilvirkari hætti, sbr. 85. gr. sömu laga og fyrirmæli ríkissaksóknara nr. 12/2017.

Þá hefur verið útbúið sérstakt stjórnborð með yfirliti yfir mál þar sem beitt hefur verið úrræðum á grundvelli 80.-82. gr. sml., með upplýsingum um hvort búið sé að tilkynna um aðgerðina. Þetta

stjórnborð gefur lögreglu betri yfirsýn yfir bæði yfirstandandi og lokin mál og auðveldar ríkissaksóknara að sinna eftirlitshlutverki sínu.

Upplýsingar um hver eða hverjir hafi haft aðgang að upplýsingum skv. 3. mgr. 85. gr. sml.

Samkvæmt 2. málslíð 3. mgr. 85. gr. sml. skal ríkissaksóknari setja reglur um hvernig eftirliti með aðgerðum skv. 80. – 82. gr. sml. skuli háttað. Skal þar koma fram hvernig tryggt verði að unnt sé að upplýsa eftir á hver eða hverjir hafi haft aðgang að upplýsingum sem aflað hefur verið með aðgerðum skv. 80. – 82. gr. sml. Ríkissaksóknari brást við þessu með setningu fyrir mæla RS: 12/2017. Ríkissaksóknari vinnur nú að því að uppfæra fyrir mælin.

Hefur framkvæmd hjá lögreglu hvað þetta varðar færst til betri vegar undanfarin misseri. Um þessar mundir vinnur ríkislögreglustjóri t.a.m. að gerð lokaðs svæðis fyrir vörslu gagna og greiningu þeirra með það að markmiði að hlustunargögn verði ekki færð yfir á tölvur starfsmanna lögreglu til vinnslu þar. Með þessu móti verður unnt að hafa góða yfirsýn yfir hverjir hafa aðgang að gögnunum á hverjum tíma auk þess sem varsla gagnanna verður á allan hátt tryggari.

3. Tölfræði

Hér á eftir gefur að líta yfirlit yfir fjölda tilvika þar sem úrræðum skv. 80.–82. gr. sml. var beitt á árinu 2024.

Tölfræði sem þessi getur verið erfið í framsetningu ef hún á að vera samanburðarhæf milli ára, þar sem úrskurðir geta verið fleiri en einn vegna rannsóknar sama málsins, t.d. þegar um marga sakborninga er að ræða. Þá kann að vera að símahlustun í máli standi yfir í nokkurn tíma og úrskurðir varði framlengingu hlustunar í eitt skipti eða fleiri. Nokkrir úrskurðir geta því verið tilkomnir vegna rannsóknar sama máls og hlustunar sama símanúmers. Þá er úrskurða oft leitað samhliða vegna heimildar til símahlustunar og öflunar upplýsinga um símhringingar í og úr sama síma, svokallaðar tengiupplýsingar, en þar er um annað úrræði að ræða.

Í eftirfarandi samantekt/töflum er gerð grein fyrir öllum úrskurðum sem kveðnir voru upp á árinu 2024. Í töflunum er tekinn út fjöldi aðgerða sem gripið var til. Ef einn úrskurður varðar bæði úrræði skv. 80. gr. og 81. gr. sml. þ.e. heimild til að afla upplýsinga um tengingar og heimild til símahlustunar vegna tiltekins eða tiltekinna símanúmera, þá eru tvær aðgerðir skráðar, enda hefði eins mátt úrskurða um þessar kröfur sitt í hvoru lagi. Þá eru úrskurðir sem fela í sér framlengingu símahlustunar taldir sér sem sjálfstæð aðgerð, þótt úrskurður varði rannsókn sama máls og beinist að sama hlustunarpóla og símanúmeri og fyrri úrskurður.

Árið 2024 var óskað heimildar dómstóla til beitingar rannsóknarúrræða skv. 80.–82. gr. sml. í 356 skipti í 108 málum. Í þessum úrskurðum var óskað 543 aðgerða. Í 10 tilvikum var ekkert framkvæmt og eru aðgerðir í þessum úrskurðum sem voru nýttir 533. Tafla 1 sýnir þær aðgerðir sem heimilaðar voru í þessum úrskurðum, tafla 2 sýnir hvernig þessar aðgerðir skiptast milli embætta og tafla 3 sýnir hvaða brot voru til rannsóknar hjá embættunum og urðu tilefni beitingar úrræðanna.

Tafla 1. Aðgerðir í dómsúrskurðum 2024.

	Eintalin aðgerð í úrskurði
Eftirfararbúnaður	60
Hlustun síma	117
Hlustunarbúnaður (herbergi o.fl.)	33
IMEI leit samkvæmt úrskurði	25
Merkjagögn (Signaling data)	36
Myndavélaeftirlit	32
Upplýsingar um rétthafa	11
Útskrift á gagnanotkun farsíma	58
Útskrift á notkun	161
Samtals	533

Tafla 2. Fjöldi aðgerða í dómsúrskurðum 2024 greint eftir því embætti sem var með málið.

	Héraðssaksóknari	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra	Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra	Lögreglustjórinn á Vestfirðum	Lögreglustjórinn á Vesturlandi	Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum	Lögreglustjórinn á Austurlandi	Lögreglustjórinn á Suðurlandi	Ríkislögreglustjóri	Alls
Eftirfararbúnaður	5	47	5	1	1		1					60
Hlustun síma	9	68	29	3	3	4				1		117
Hlustunarbúnaður (herb o.fl.)	3	26	3		1							33
IMEI leit samkvæmt úrskurði	1	18	6									25
Merkjagögn (Signaling data)	2	30		1						3		36
Myndavélaeftirlit	3	25	3	1								32
Upplýsingar um rétthafa		6	1		1	1				2		11
Útskrift á gagnanotkun farsíma	5	24	12	1	3	1	3		3	5	1	58
Útskrift á notkun	6	90	46	2	3	2	3		3	5	1	161
Alls	34	334	105	9	12	8	7	0	6	16	2	533

Tafla 3. Fjöldi aðgerða í dómsúrskurðum 2024 greint eftir því embætti sem var með málið og tegund brots.

	Héraðssaksóknari	Lögreglustjórinn á höfuðboraarsvæðinu	Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra	Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra	Lögreglustjórinn á Vestfirðum	Lögreglustjórinn á Vesturlandi	Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum	Lögreglustjórinn á Austurlandi	Lögreglustjórinn á Suðurlandi	Ríkislögreglustjóri	Alls
Annað		13		5		1	3			4	2	28
Auðgunarbrot / peningabætti		28	11									39
Fíkniefnabrot	32	253	84		12	7				3		391
Skipulögð brotastarfsemi		13	10									23
Önnur sérrefsilagabrot		4		3								7
Kynferðisbrot		10								2		12
Ærumeiðingar og friðhelgi einkalífs							2					2
Ofbeldisbrot/frelsissvipting	2	13		1			2		6	7		31
Alls	34	334	105	9	12	8	7	0	6	16	2	533